



UM JARÐSKJÁLFTASPRUNGU

(1917)

I.

Fyrir utan dalinn, sem bærinn Selsund stendur í — annar bær næstur Heklu en Næfurholt— er alda nokkur eða háls. Er hálsinn eftir uppdrættinum danska 154 stikur yfir sjó, en hér um bil 30 stikur yfir dalinn fyrir innan, þar sem mestur er munur. Í hálsi þessum er berg dökkmógrátt, líkast því sem steinsteypa væri; er hálsinn þannig til kominn, að þar hefir hlaðizt saman mól, sandur og leir út af bráðnandi jökulsporði, sem þar var um hríð. Hefir aur þessi svo allur harðnað og orðið eins og steinsteypa af áhrifum jarðhita líklega, fyrr og gersamlegar en annars mundi orðið hafa. Varð skriðjökulsmíð þessi um líkt leyti, eða nokkru eftir að hlóðust upp jökulöldurnar miklu og eftirtektarverðu fyrir sunnan Keldur á Rangárvöllum (Kóngshóll o. s. frv.). Varð þar stöðuvatn mikið fyrir innan, er jökullinn bráðnaði burt. En stöðuvatnið fyllti síðar af hraunum, við gos þau hin afskaplegu, er þar urðu norðurfrá. Er þar einn staðurinn, sem sjá má þess merkilegan vott, hvernig skipzt hafa á hér gosaldir og jökulaldir. Er um þetta margt að rita, þó að ekki sé það hér gert. Skal þess aðeins getið, að Hróarslækur heitir nú, þar sem var áður jökulsá mikil, meðan jökulgarðarnir fyrir sunnan Keldur voru að hlaðast upp.

II.

Innan við Selsundsölduna, sem ég nefndi fyrst, er sprunga eftir jarðskjálftann vorið 1912, og er hér vakin eftirtekt á henni

vegna þess, að þar má svo greinilega skilja, vegna hvers jörðin sprakk sundur einmitt þarna. Getur ritgerð þessi orðið mönnum nokkur stuðningur eða leiðbeining, til þess að taka betur eftir, og hugsa réttar. Að ástunda meir rétta hugsun en almennt er gert, er hin mesta nauðsyn, ef framfarir eiga að verða í rétta átt, og má ekki láta það villa sig, þó að þeim hafi oft ekki vegnað vel, sem forvígismenn hafa verið í þessum efnum. Hlýtur oft svo að fara, meðan mannfélagið, eða þetta, sem er að reyna að verða mannfélag, hefir enn ekki nógu vel lært að verða samtaka, og þjóðlíkaminn því er haldinn af nokkurs konar „ataxia“ eins og þess konar veikindi eru nefnd á læknamáli.

III.

Vér tókum þá þar til, er jarðskjálftabylgjan, hreyfingaraldan í jörðinni, rann út Selsundsdalinn. Þegar hún kom að jökulbergshálsinum, sem áður er um getið, þá var steypuberg þetta svo fast fyrir, að jarðaldan kastaðist að miklu leyti aftur, en aðeins nokkuð af henni hélt áfram í jökulberginu. Hvað nú varð, skýrist bezt, ef menn athuga sjávaröldur, sem skella upp að hömrum; þær kastast frá hömrunum aftur, og há og úfin alda, hærri og úfnari en hinar, rís upp skammt frá hömrunum, af samkasti frárennandi og aðrennandi öldu.

Líkt þessu hefir farið með jarðbylgjurnar þarna við Selsundshálsinn. Jörðin innan við jökulbergshálsinn hefir hafizt upp í svo brattan hrygg, þegar bylgjunum að og frá hálsinum laust saman, að yfirborðið þoldi ekki þensluna og rifnaði.

Hvirfilhreyfingar eða hvirfingar hljóta að verða hér og hvar þar sem viðspyrna einhver hrindir öldum fá sér, af því að fráalda og aðalda snúast hvor á aðra. Sjáum vér þessa vott á Selsundssprungunni, því að jörðin hefir þar risið upp í hól, sem sprunginn er marga vegu út frá toppinum.

Jarðskjálfti sá, sem hér ræðir um, virðist ekki hafa átt upp-tök sín mjög djúpt í jörð; verð ég að láta þá um að rannsaka slíkt nánar, sem meira kunna í hreyfingarfræði en ég. En upp-tök jarðskjálftans er mjög líklegt, að hafi verið einhver aðal-brestur, sem varð, þegar jarðhitinn var að leita upp eftir í undir-búningi undir gosið norðaustur af Heklu vorið 1913.